

Stjórnarfundur UMSE haldinn á Búgarði þriðjudaginn 14. ágúst 2012 klukkan 20:00.

Mættir eru: Einar, Þorsteinn, Kristlaug, Þorgerður, Óskar Þór.

Boðuð forföll: Kristín, Guðrún, Svanbjört.

Óskar setti fund númer 712.

1. Styrkumsóknir.

- Hestamannafélagið Hringur óska eftir styrk vegna tveggja keppenda á Íslandsmeistaramót hestamanna á Hellu, þar sem að það er mikill ferðaskostnaður við þetta mót. Samþykkt að styrkja þessa keppendur um 15.000.- krónur á hvorn keppanda.

2. Innsend bréf.

a) Leiðrétting á Lottói.

ÍSí sendi bréf þar sem að þeir eru að leiðrétta lottó úthlutun frá því í febrúar sem að kom í ljós þar sem að sum félög fengu greitt of lítið og sumir fengu greitt of mikið út. Þetta var leiðrétt með lottótækjum sem að greiddar voru út í byrjun ágúst.

b) Greiðslur vegna Getrauna.

Verið er að segja að vegna velgengni hjá Getraunum að þá hafi túlkun á 3% framlaginu verið mjög víð til þess að efla starf héraðssambanda. Getraunir hvetja aðilarfélög til þess að efla getraunir enn meira.

c) Hörgársveit v/fyrirmyndarfélagið.

Hörgársveit samþykkti fyrir sitt leyti að taka jákvætt í að styrkja starf Umf. Smárans ef að félagið fái viðurkennininguna "Fyrirmyndarfélag ÍSí".

d) Samningur um rekstrarstyrk

Hörgársveit sendi svar vegna samnings um rekstrarstyrks þar sem að Menningar- og tólmstundarnefnd Hörgársveitar telji eðlilegt að gerður sé samningur til nokkurra ára í senn um styrk sveitarfélagsins við UMSE.

- Edda Kamilla mætti á fund.

e) Verndum þau námskeið. Verið er að athuga hvort að aðildarfélög hafi áhuga á að halda námskeiðið "Verndum þau" í sinni heimabyggð.

Edda Kamilla ætlar að senda fyrirspurn á aðstanda námskeiðsins "Verndum þau".

3. Umsóknir UMSE um landsmót UMFÍ (kostnaður, tilhögun)

UMSE er búið að sækja um landsmót hjá UMFÍ 3-4 sinnum og hefur þetta alltaf ákveðinn kostnað í för með sér, ca. 50.000 í hvert skipti. Hugmynd um að jafnvel nota fjarfundabúnað næst þegar að sótt verður um landsmót UMFÍ.

4. Stefnumótun UMSE (næstu skref)

Ekki er búið að senda bréfin á sveitarfélögin en er það næsta skref, senda á það út fyrir ágúst lok. Einnig að athuga hvort hægt sé að fá einstakling sem að er góður í að stýra fundi og að geta sett fram einhverja punkta í fundarlok. Framkvæmdarstjóra falin þessi vinna.

5. Unglingalandsmót - yfirferð

Þorsteinn og Óskar sögðu frá Unglingalandsmótinu sem að haldið var á Selfossi nú um verslunarmannahelgina. Fengum góða styrki frá fyrirtækjum á Akureyri fyrir. Haldin var grillveisla á laugardagskvöldinu þar sem að grillað var nautakjöt og síðan var boðið upp á súkkulaði köku sem að keypt var í bakaríi á Selfossi.

6. Heimasíðan (hver og einn á að koma með punkta)

Farið var yfir heimasíðu UMSE, aðeins búið að breyta henni frá því á síðasta fundi, best að hver og einn skoði hana aftur og sendi þorsteini einhverja punkta sem hægt væri að lagfæra.

7. Önnur mál

Næsti fundur ákveðinn 4. september 2012 klukkan 20:00

Fundi slitið kl 21:55

Kristlaug María Valdimarsdóttir, ritari

Óskar Þór Vilhjálmsson, formaður